

SAMÞYKKTIR

Eftirlaunasjóðs FÍA.

1. gr.

Nafn og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Eftirlaunasjóður FÍA. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar.
- 2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingar lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og samkvæmt kjarasamningum Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.
- 2.3. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

3. gr.

Sjóðfélagar.

- 3.1. Sjóðfélagar eru þeir sem byggja starfskjör sín á kjarasamningum FÍA sem ákvarða lágmarkskjör á starfssviði flugmanna eða ráðningarbundin starfskjör taka að einhverju leyti mið af þeim kjarasamningum.
- 3.2. Þeir sem njóta elli- og örorkulífeyris úr sjóðnum og þeir sem eiga geymd réttindi, teljast sjóðfélagar.
- 3.3. Óheimilt er að neita manni um aðild að sjóðnum á grundvelli heilsufars hans, aldurs, hjúskaparstöðu eða fjölskyldustærðar. Heimilt er flugmanni sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi að halda áfram þátttöku í sjóðnum.
- 3.4. Aðild að sjóðnum skal tiltaka í skriflegum ráðningarsamningi.
- 3.5. Aðild að sjóðnum fellur niður ef sjóðfélagi fær útborgaða inneign sína í einu lagi eða heimilast flutningur réttinda sinna í annan sjóð.

4. gr.

Stjórn.

- 4.1. Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, 3 tilnefndir af stjórn FÍA og 2 af atvinnurekendum í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur þeirra til sjóðsins. Jafnframt skal skipa jafnmarga varamenn af beggja hálfu.
- 4.2. Kjörtímabil fulltrúa í sjóðstjórn er að jafnaði eitt ár, og miðast það við ársfund sjóðsins. Enginn má sitja í sjóðstjórn lengur en fimm kjörtímabil samfellt.
- 4.3. Stjórnarmenn í sjóðnum skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur fengið dóm fyrir refsiverðan verknáð samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eru þó undanþegnir þessu búsetuskilyrði.
- 4.4. Stjórnin kys sér sjálf formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við lög um starfsemi lífeyrissjóða, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir þessar.

- 4.5. Stjórninni er skylt að halda gerðabók og færa í hana allar samþykktir sínar. Stjórnar-samþykkt er því aðeins lögleg að a.m.k. þrír stjórnarmenn greiði henni atkvæði.
- 4.6. Stjórn sjóðsins er heimilt að gera samninga við sjóðfélaga um viðbótartryggingavernd og séreignasparnað og starfrækja séreignadeild.
- 4.7. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórnin ræður framkvæmda-stjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Stjórninni er heimilt að láta verðbréfafyrirtæki annast framkvæmdastjórn sjóðsins. Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast innra eftirlit.
- 4.8. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Framkvæmda-stjóri sjóðsins er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í sjóðnum. Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar.
- 4.9. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, til dæmis ákvarðanir um fjárfest-ingu í atvinnurekstri eða fasteignum, skal framkvæmdastjóri aðeins gera með sérstakri ákvörðun stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiri háttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfundi.
- 4.10. Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- 4.11. Allar meiri háttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reiknings-skilum skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.
- 4.12. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu sem gerð hefur verið grein fyrir á ársfundi og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglu-bundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.
- 4.13. Framkvæmdastjóri skal veita stjórn og endurskoðendum allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.
- 4.14. Um hæfi stjórnarmanna til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga. Stjórnarmönnum og eftir atvikum starfsmönnum er skylt að upplýsa um aðstæður sem kunna að valda vanhæfi. Skal þá varamaður taka sæti aðalmanns meðan fjallað er um málið.
- 4.15. Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir sjóðinn og varða kann hagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja og annað það er leynt á að fara eftir eðli máls.
- 4.16. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnu-fyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Þess skal og jafnan gætt að sjóðurinn styðji menn ekki til stjórnarkjörs í hlutafélögum ef stjórnarsetan getur valdið hagsmunaárekstrum eða skert sjálfstæði sjóðsins.

5. gr.

Ársfundur.

- 5.1. Ársfund sjóðsins skal halda fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar þegar þurfa þykir. Stjórn sjóðsins skal boða til fundar með skriflegu fundarboði og tilgreina dagskrá með minnst 10 daga fyrirvara.
- 5.2. Atkvæðisrétt á ársfundi eiga sjóðfélagar sem greitt hafa iðgjöld til sjóðsins í að minnsta kosti tvö ár og fer hver með eitt atkvæði. Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé kveðið á um í samþykktum þessum.
- 5.3. Á ársfundi skal gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingarstefnu og tillögum stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins sem samþykktar hafa verið í allsherjaratkvæðagreiðslu. Á fundinum skal jafnframt lýst skipun stjórnar. Tillögur til ályktunar um önnur mál, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

6. gr.

Ársreikningur og endurskoðun.

- 6.1. Stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóri skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningurinn skal hafa að geyma efnahagsreikning, fjárstreymisýfirlit, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris og skýringar. Auk þess skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi myndar eina heild. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningurinn skal undirritaður af stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóra.
- 6.2. Ársreikningurinn skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris. Hann skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.
- 6.3. Endurskoðun reikninga sjóðsins skal framkvæmd af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Tryggingafræðileg athugun.

- 7.1. Fyrir lok febrúar ár hvert skal stjórn sjóðsins fá óháðan tryggingafræðing til þess að gera tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins miðað við síðustu áramót og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum sjóðsins um hver áramót. Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar skal gera grein fyrir því iðgjaldi sem þarf vegna þeirra lágmarksréttinda, sem sjóðurinn er skuldbundinn að veita. Tryggingafræðingur skal semja skýrslu til stjórnar sjóðsins með niðurstöðum sínum fyrir 15. apríl.
- 7.2. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal ætíð vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að eignir sjóðsins séu umfram skuldbindingar miðið við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins að höfðu samráði við tryggingafræðing taka ákvörðun um aukin lífeyrisréttindi.
- 7.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur sjóðsins sé ótryggur og ætla megi að eignir muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, skal stjórn sjóðsins að höfðu samráði við tryggingafræðing taka ákvörðun um lækkun lífeyrisréttinda, sem grípa skal til, enda finnist ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins.
- 7.4. Ef eignir eru umfram skuldbindingar lífeyrissjóðsins og fyrir liggur að mati tryggingafræðings að örugg ávöxtun á fjármunum umfram reiknigrundvöll tryggingafræðilegrar

úttektar leyfi greiðslu uppbótar á lífeyri getur sjóðstjórn ákvarðað að úthluta uppbótum til sjóðfélaga. Heildarupphæð skal skipta hlutfallslega miðað við áunnin stig þeirra.

- 7.5. Hin tryggingafræðilega athugun skal að öðru leyti framkvæmd í samræmi við 24. og 39. gr. laga um starfsemi lífeyrissjóða og ákvæði reglugerðar sem fjármálaráðherra setur.

8. gr.

Fjárfestingarstefna.

- 8.1. Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé sjóðsins og skal ávaxta það á sem hagkvæmestan hátt á hverjum tíma að teknu tilliti til öryggis, ávöxtunar og áhættu. Sjóðnum er heimilt að ávaxta fé sitt með eftirfarandi hætti:
1. Í ríkisvixlum, ríkisskuldabréfum og skuldabréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
 2. Í skuldabréfum traustra sveitarfélaga, enda séu heildarskuldbindingar og ábyrgðir viðkomandi sveitarfélaga innan viðurkenndra marka að mati sjóðstjórnar.
 3. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 55% af metnu markaðsverðmæti nema þegar um er að ræða atvinnuhúsnæði þá skal hámark þetta vera 25%.
 4. Með innlánum í bönkum og sparisjóðum.
 5. Í skuldabréfum og vixlum banka, sparisjóða og fjárfestingarstofnana með trausta eiginfjárstöðu, enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum eða lúti eftirliti banka- eftirlits Seðlabanka Íslands.
 6. Í hlutabréfum. Sjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 10% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Heildarhlutabréfaeign sjóðsins skal á hverjum tíma ekki vera meiri en sem nemur 20% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris.
 7. Í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, en verðbréfasafni að baki skírteinunum skal skipt í samræmi við þær takmarkanir sem fram koma í 2.-6. mgr. 36. gr. laga um starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 10% af hlutdeildarskírteinum gefnum út af sama verðbréfasjóði.
 8. Í öðrum verðbréfum. Heildarverðbréfaeign sjóðsins skv. þessum lið skal á hverjum tíma ekki vera meiri en sem nemur 15% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris.
 9. Með gerð afleiðusamninga sem draga úr áhættu sjóðsins.
- 8.2. Verðbréf skv. 1., 2. og 5.-8. tölul. skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum verðbréfamarkaði innan aðildarríkja OECD sem starfar reglulega, er opin almennungi og viðurkenndur með þeim hætti sem bankaftirlit Seðlabanka Íslands metur gildan.
- Heimilt er að fjárfesta fyrir samtals allt að 10% af hreinni eign sjóðsins í verðbréfum sem falla undir 1., 2. og 5. tölulið og ekki eru skráð á skipulegum markaði enda séu bréfin gefin út af innlendum aðilum.
- Eign sjóðsins skv. 2. og 5. tölulið hvorum um sig skal ekki vera meiri en 35% af hreinni eign sjóðsins.
- Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 2.-8. tölulið útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins og 5% fyrir verðbréf skv. 8. tölulið.
- Takmarka skal áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við 20% af hreinni eign sjóðsins.
- 8.3. Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, þar sem sett eru viðmið að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignum. Þar skal ennfremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að endurspegli gleggst fjárfestingarstefnu

sjóðsins. Á ársfundi lífeyrissjóðsins, skal stjórn sjóðsins leggja fram fjárfestingarstefnuna, sbr. grein 5.3.

8.4. Heimilt er sjóðnum að eiga fasteign fyrir skrifstofur sínar.

9. gr.

Iðgjöld og yfirfærslur úr öðrum sjóðum.

- 9.1. Iðgjöld til sjóðsins skulu vera a.m.k. 20% af launum sjóðfélaga sem tilgreind eru í 2. tl. 9. gr. Starfandi flugmenn greiða til hans iðgjöld, er nema 4% af launum samkvæmt kjarasamningi FÍA og hlutaðeigandi flugfélags. Flugfélag það, er hlutaðeigandi flugmaður starfar hjá, greiðir 16% af sömu launum. Greiðsla iðgjalds umfram 20% er háð samþykki stjórnar. Um iðgjöld fer að öðru leyti skv. kjarasamningi FÍA.
- 9.2. Lágmarksiðgjald samkvæmt 9.1. skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrkir, dagpeningar og fæðispeningar.
- 9.3. Iðgjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 59. gr. þeirra laga.
- 9.4. Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldalagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal innheimta vanskilavexti þá sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka frá gjaldlega til greiðsludags. Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna lífeyrissjóðnum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra hafa látið af störfum.
- 9.5. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 9.6. Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. gr. 9.7. og 9.9. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda, sem glatast við gjaldþrot, og Ábyrgðarsjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. 6. grein laga nr. 53/1993. Um er að ræða stjórnarmenn og stjórnendur gjaldþrota fyrirtækis, maka þeirra og skyldmenni, skv. nánari reglum stjórnar Ábyrgðarsjóðs launa.
- 9.7. Einu sinni á ári, 1. mars, skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðurinn skal samtímis með opinberri auglýsingu skora á alla þá sem telja sig hafa greitt iðgjöld til sjóðsins á undangengnu tímabili og ekki fengið yfirlit skv. framanskráðu og skal viðkomandi án tafar gera sjóðnum viðvart um ætluð vanskil. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd.

- 9.8. Senda skal lokaaðvörun til launagreiðanda, ef iðgjöld samkvæmt innsendum skilagreinum hans hafa verið í vanskilum í þrjá mánuði frá eindaga. Formlega innheimtu skal hefja innan 15 daga frá útsendingu lokaaðvörunar.
- 9.9. Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðanda. Lokaaðvörun til launagreiðanda skal senda innan 90 daga frá dagsetningu yfirlits samkvæmt gr. 9.7. Um innheimtu fer að öðru leyti eftir gr. 9.8.
- 9.10. Öllum innborgunum launagreiðanda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagrein eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðanda og skapa réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfelli þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. grein 9.8. fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þessa tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðanda. Skilagrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.
- 9.11. Stjórn sjóðsins getur veitt viðtöku fé, sem sjóðfélaga er heimilt að yfirfæra úr öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins.

10. gr.

Grundvöllur lífeyrisréttinda.

- 10.1. Samanlögð iðgjöld, sem greidd eru vegna hvers sjóðfélaga hvert almanaksár, skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans. Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á ellilífeyristryggingar og er skylt að verja þau réttindi umfram önnur til að tryggja lágmarkstryggingavernd samkvæmt gr. 2.2.
- 10.2. Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1998 vera krónur 441.418 og breytist hún mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 181,4 stigum. Grundvallarfjárhæð hvers árs er summa grundvallarfjárhæða allra mánaða ársins.
- 10.3. Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í fimmföld iðgjöld, sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga með grundvallarfjárhæð ársins. Stig reiknast með þremur aukastöfum.
- 10.4. Fé sem heimilt er að yfirfæra úr öðrum lífeyrissjóði samkvæmt 11. mgr. 9. gr. skal umreiknað í stig af tryggingafræðingi sjóðsins, þannig að sjóðurinn beri ekki skaða af.

11. gr.

Ellilífeyrir.

- 11.1. Hver sjóðfélagi, sem er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann látið af starfi sínu sem tengist aðild hans að sjóðnum og launagreiðslum samkvæmt kjarasamningi sé lokið.
- 11.2. Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér, margfölduðum með 2,4.
- 11.3. Heimilt er sjóðfélaga að hefja töku ellilífeyris áður en hann nær 65 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 60 ára aldri, enda hafi hann þá látið af starfi sínu sem tengist aðild hans að sjóðnum og launagreiðslum samkvæmt kjarasamningi sé lokið. Skal þá áunnin stigafjöldi lækkaður þannig:

Taka lífeyris hefst:	64-65 ára	0,65%	lækkun fyrir hvern mánuð
	63-64 ára	0,60%	„
	62-63 ára	0,55%	„
	61-62 ára	0,50%	„
	60-61 ára	0,45%	„

Á sama hátt er sjóðfélag heimilt að fresta töku ellilífeyris um allt að fimm ár og skal þá áunninn stigafjöldi við 65 ára aldur hækkaður þannig:

Taka lífeyris hefst:	65-66 ára	0,70%	hækkun fyrir hvern mánuð
	66-67 ára	0,75%	„
	67-68 ára	0,80%	„
	68-69 ára	0,85%	„
	69-70 ára	0,90%	„

12. gr.

Örorkulífeyrir.

- 12.1. Sjóðfélagi, sem hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í tvö ár eða lengur og verður fyrir starfsorkumissi vegna örorku, sem telja verður 50% eða meiri, samkvæmt gr. 12.3. á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að starfsorkumissi.
- 12.2. Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki, ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjuserðingu af völdum starfsorkumissis. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir, sem tengist örorku sjóðfélagsans, vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.
- 12.3. Hundraðshluta starfsorkumissis eða örorku og tímasetningu hennar skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann svo og álitu trúnaðarlæknis sjóðsins. Hundraðshluti örorku skal ákvarðaður með tilliti til vanhæfni sjóðfélagsans til að gegna almennum störfum nema sjóðfélaginn hafi greitt iðgjöld til sjóðsins í að minnsta kosti 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum fyrir starfsorkumissinn. Þá skal mat örorku aðallega miða við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Slíkt mat skal gilda í eitt ár frá því að sjóðfélagi er úrskurðaður örorkulífeyrir en eftir það skal hundraðshluti örorku vera metinn sem meðaltal örorku til almennra starfa og örorku til að gegna því starfi sem tengt er aðild hans að sjóðnum.
- 12.4. Hámark örorkulífeyris miðast við áunnin lífeyrisrétt skv. gr. 11.2, þó þannig að hundraðshluti af grundvallarfjárhæð skal margfaldaður með 2,3. Ef sjóðfélagi uppfyllir eftirfarandi tvö skilyrði:
 - a. Hann hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í að minnsta kosti 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og unnið sér inn eigi minna en 0,25 stig.
 - b. Hann hefur ekki orðið fyrir starfsorkumissi, sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna. Þá fær sjóðfélaginn til viðbótar lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem hann hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, miðað við að hann hefði unnið sér inn árlega meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir starfsorkumissinn. Ef sjóðfélagi, sem kemur aftur til starfa eftir að hafa verið á örorkulífeyri, verður aftur fyrir starfsorkumissi og uppfyllir ekki skilyrði a hér að ofan, þá skal líta til síðustu starfsára hans, enda hafi hann uppfyllt skilyrðin við fyrri starfsorkumissi.
- 12.5. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og örorkan er metin samkvæmt gr. 12.3.
- 12.6. Skyld er sjóðfélagi sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma rétt hans til lífeyris.

- 12.7. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfsskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir. Í örorkumati skal tilgreint til hve langs tíma örorkumatið gildir og endurmeta skal örorku eigi sjaldnar en á 3ja ára fresti.
- 12.8. Örorkulífeyrir fellur niður þegar örorkan er metin minni en 50% samkvæmt gr. 12.3. eða við 65 ára ellilífeyrisaldur sjóðfélagans. Þá skal endurmeta áunnin stig sjóðfélagans þannig að þau ár sem hann hefur notið örorkulífeyris skal bætt við áunnin stig, þeim stigum, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð honum fram til 65 ára aldurs, ef um algjöra örorku er að ræða, en ella því broti þessara stiga, er svarar til hundraðshluta örorkumatsins á hverjum tíma.

13. gr.

Makalífeyrir.

- 13.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða sem hafði uppfyllt skilyrði 12. gr. til að hljóta rétt til örorkulífeyris og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum.
- 13.2. Hámark makalífeyris miðast við áunnin lífeyrisrétt skv. gr. 12.4., þó þannig að hundraðshluti af grundvallarfjárhæð skal margfaldaður með 0,8.
- 13.3. Maki telst sá eða sú sem við andlát var í hjúskap með sjóðfélagi, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í að minnsta kosti tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar.
- 13.4. Réttur til makalífeyris fellur niður hafi sjóðfélagi nýtt sér ákvæði 14. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, sem fjalla um skiptingu lífeyrisréttinda á milli sjóðfélaga og maka hans.

14. gr.

Barnalífeyrir.

- 14.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða sem hafði uppfyllt skilyrði 12. gr. til að hljóta rétt til örorkulífeyris og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig rétt á lífeyri úr sjóðnum til 24 ára aldurs.
- 14.2. Hámark barnalífeyris miðast við áunnin lífeyrisrétt skv. gr. 12.4., þó þannig að hundraðshluti af grundvallarfjárhæð skal margfaldaður með 0,24.
- 14.3. Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir starfsorkumissi sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris úr sjóðnum. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri.
- 14.4. Séu báðir foreldrar fallnir frá greiðist þrefaldur barnalífeyrir.

15. gr.

Iðgjaldagreiðslur falla niður.

- 15.1. Falli launagreiðslur til sjóðfélaga niður vegna veikinda, ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessari ástæðu reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt. Sama gildir ef launagreiðslur hafa fallið niður vegna atvinnuleysis, þó ekki lengur en 12 mánuði, enda hafi sjóðfélaginn á því tímabili ekki verið 6 mánuði eða lengur í starfi, er veitti honum aðgang að öðrum lífeyrissjóði.

- 15.2. Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en þeim, sem nefndar eru í 1. mgr., skulu þá áunnin stig geymd.

16. gr.

Endurgreiðsla iðgjalda.

- 16.1. Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða iðgjaldahluta launþega erlendum ríkisborgurum, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að eða viðkomandi hafi verið íslenskur ríkisborgari þegar réttindin áunnust. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasamningum.
- 16.2. Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna, sem náð hafa 65 ára aldri, sbr. gr. 9.1., skal hann endurgreiða sjóðfélaga og launagreiðanda iðgjaldshluta þeirra. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári.
- 16.3. Stjórn sjóðsins ákveður endurgreiðslufjárhæð. Óheimilt er að takmarka endurgreiðsluna við tiltekinn hluta iðgjaldsins nema á tryggingafræðilega réttum forsendum.

17. gr.

Flutningur í aðra sjóði.

- 17.1. Hætti sjóðfélagi iðgjaldagreiðslu til sjóðsins og gerist jafnframt sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að flytja iðgjöld með verðbótum vísitölu neysluverðs og þar með réttindi sem þeim fylgir milli lífeyrisjóða þegar til töku lífeyris kemur. Sama gildir ef sjóðfélaginn kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum er fjármálaráðuneytið hefur staðfest. Það er skilyrði fyrir flutningi lífeyris að honum sé ætlað að veita lífeyrisréttindi fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði er hann flyst til, eða hjá tryggingafélagi eða stofnun svo sem að framan greinir.

18. gr.

Greiðsla lífeyris.

- 18.1. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á. Hann reiknast frá og með næsta degi eftir að lífeyrisréttur stofnast og til og með þeim degi, sem lífeyrisréttur fellur niður. Sjóðfélagi getur ákveðið að eftirlaunagreiðslur hans allt að hálfu renni til maka hans eða fyrrverandi maka, en þær falla niður við andlát sjóðfélagens. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum, skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagens.
- 18.2. Umsókn um lífeyri skal vera skrifleg og henni skulu fylgja þau gögn sem nauðsynleg eru að mati sjóðstjórnar til að úrskurða um lífeyri.
- 18.3. Aldrei skal sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en 2 ár reiknað frá byrjun mánaðar er umsókn barst sjóðnum.
- 18.4. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð sem svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrir-sjáanlegt er að um sameiningu við réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna að hendi í einu lagi skv. reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

19. gr.

Endurtrygging.

- 19.1. Heimilt er stjórn sjóðsins að verja allt að 4% af árlegum iðgjaldatekjum sjóðsins til kaupa á hópslysaftryggingu á starfandi sjóðfélögum í því skyni að draga úr áhættu sjóðsins. Skulu tryggingafjárhæðir renna til sjóðsins án tillits til hver útgjöld einstök slys hafa í för með sér fyrir sjóðinn.

20. gr.

Bann við framsali og veðsetningu.

- 20.1. Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt reglugerð þessari.

21. gr.

Málsmeðferð og gerðardómur.

- 21.1. Um málsmeðferð í ágreiningsmálum sjóðfélaga gagnvart lífeyrissjóðnum gilda ákvæði stjómsýslulaga nr. 37/1993 eftir því sem við á, svo sem um birtingu ákvörðunar, rökstuðning og endurupptöku.
- 21.2. Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað málinu til gerðardóms innan þriggja mánaða frá því tilkynnt var um úrskurðinn. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum af lífeyrissjóðnum og oddamanni tilnefndum af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Gerðardómurinn skal úrskurða í málinu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga sem lágu fyrir sjóðstjórn er hún tók ákvörðun um málið. Komi fram nýjar kröfur, sönnunargögn og málsástæður við meðferð málsins fyrir gerðardómi skal málinu vísað aftur til sjóðstjórnar til endurupptöku. Sjóðstjórn er þá skylt að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer að öðru leyti samkvæmt lögum um sammingsbundna gerðardóma.

22. gr.

Eftirlit.

- 22.1. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 129/1997.

23. gr.

Breytingar á samþykktum.

- 23.1. Ekki má breyta samþykktum þessum nema í allsherjaratkvæðagreiðslu með skriflegu samþykki meirihluta sjóðfélaga. Ennfremur þarf samþykki flugfélaga, er hafa í þjónustu sinni a.m.k. 3/4 starfandi sjóðfélaga. Reglugerð þessi skal staðfest af fjármálaráðherra.

24. gr.

Gildistökuákvæði.

- 24.1. Samþykktir þessar koma í stað reglugerðar þeirrar, sem gilt hefur frá 1. júlí 1994 og gilda frá og með 15. maí 1998, með fyrirvara um samþykki ráðherra.

Stjórn Eftirlaunastjóðs FÍA staðfestir hér með samþykktir sjóðsins sem voru samþykktar í allsherjaratkvæðagreiðslu sjóðfélaga og á félagsfundi FÍA. Ennfremur hafa Flugleiðir hf. og Íslandsflug hf., sem hafa 3/4 starfandi sjóðfélaga í þjónustu sinni staðfest samþykktir þessar og skoðast þær því samþykktar.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestast samþykktir þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 23. júní 1998.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.